

Tillaga til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri.

Skipulag rýminga vegna jökulhlaupa sem fylgja eldgosum í Kötlu og Eyjafjallajökli.

Samstarf íbúa og almannavarnayfirvalda.

Útdráttur

Á árunum 2002 til 2005 var unnið hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli. Niðurstaða þess var m.a. að jökulhlaup gæti komið úr Gígjökli, sem gæti orðið allt að 30.000 m³/sek og að auki tvö hlaup sunnan af Eyjafjallajökli yfir hluta Eyjafjalla. Jafnframt að hlaup frá vestanverðum Mýrdalsjökli gæti orðið allt að 300 M³/sek. Unnin var því rýmingaráætlun í samvinnu við íbúa og aðra hagsmunadila en um 1000 mannfurða þurfa að rýma. Á þessa áætlun og þetta samstarf reyndi þrisvar vorið 2010 og það skilaði tilætluðum árangri.

Stofnun:	Lögreglustjórinn Hvolsvelli – almannavarnanefnd umdæmisins
Íbúar á rýmingarsvæðum	Um 1.000
Heyrir undir:	Innanríkisráðuneytið – almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra
Tengiliður vegna verkefnis:	Kjartan Þorkelsson
Tölvupóstur:	Kjartan hjá systlumenn.is

Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Á árunum 1994 og 1999 höfðu orðið kvikuinnskot undir Eyjafjallajökul, aukin skjálftavirkni var að mælast í Goðabungu í Mýrdalsjökli og betri upplýsingar lágu fyrir um stór hlaup til vesturs niður Markafljót frá Mýrdalsjökli. Almannavarnanefnd Rangárvallasýslu óskaði því eftir því að farið yrði í hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli 2002. Sú vinna stóð yfir á árunum 2003 til 2005 en þá var hættumatið gefið út og kynnt hagsmunadilum s.s. íbúum á flóðasvæðum. Í framhaldinu var farið að vinna að viðbúnaðar- og rýmingaráætlunum. Tilgangur allrar þessarar vinnu var að tryggja öryggi íbúa og ferðamanna á svæðinu.

Framkvæmd

Þegar hættumat lá fyrir og hermanir höfðu verið gerðar á flóðum, mátti sjá að tími til rýmingar var mjög takmarkaður og byggja varða eftirfylgni rýmingar einungis á þeim mannskap sem til var í heimabyggð. Einungis eru fáir lögreglumenn til staðar, 6-7, en mikill fjöldi björgunarsveitanna eða um 100 manns. Það dugði þó ekki til og þá var gripið til þess að fá bændur inn á rýmingarsvæðum til að taka að sér að fylgja eftir rýmingunni og verða þannig viðbragðsaðilar í áætluninni. Tveir til þrjú bændur tóku þá sameiginlega að sér ákveðið svæði og fylgdu þar rýmingunni eftir. Fólk var virkjað með mörgum litlum íbúafundum, og þeirra mat fengið á áætlunum og þá sérstaklega fyrirkomulagi rýmingar. Fundirnir voru margir til að fundarmenn yrðu tiltölulega fáir á hverjum fundi og fólk yrði þá virkara og fúsara til að taka þátt í vinnunni. Auk þess voru sér fundir með viðbragðsaðilum s.s. bændum sem höfðu skilgreint hlutverk. Bændur sýndu þessu mikinn áhuga og voru mjög fúsir í þetta samstarf sem og allir íbúarnir. Lögð var áhersla á að þetta væri sameiginlegt verkefni yfirvalda og íbúa til að tryggja öryggi ef til eldgosa og jökulhlaupa kæmi.

Niðurstaða

Þegar á hólminn var komið og reyndi á rýmingar í mars og apríl 2010 vegna eldgosa á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli kom í ljós að þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel, íbúar tóku virkan þátt í rýmingunni og hvergi þurfti að koma til aðstoðar lögreglu til að fylgja henni eftir. Öryggi

fólks var m.a tryggt með því að upplýsa og virkja íbúana sjálfa sem þurftu að rýma. Íbúarnir voru mjög sáttir við þetta og gagnkvæmt traust var milli yfirvalda og íbúanna enda lögð mikil áhersla á að þeir hefðu hverju sinni nýjustu upplýsingar um stöðu mála.

Lærdómur

Með því að upplýsa og virkja íbúanna sem búa á rýmingar- og/eða hættusvæðum er hægt að tryggja öryggi þeirra betur. Þetta hefur ekki verið gert með skipulögðum hætti svo vitað sé áður þegar von er á meiriháttar náttúruhamförum. Hefur m.a. vakið athygli erlendis hvernig íbúarnir taka þátt í mótun viðbragðs- og rýmingaráætlunar og framkvæmd þeirra og hversu miklum árangri það skilar. Fulltrúar embættisins hafa kynnt þessar áætlanir m.a. í Bretlandi, Eistlandi og Svíþjóð, auk þess sem nokkuð hefur verið um það að fulltrúar erlendra stofnana hafa komið hingað og kynna sér það starf sem hér hefur verið unnið í almannavörnum.